



Byggðastofnun

Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 125/899
komudagur 6.3.2000

Dagsetning
3.mars 2000

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um *Tillögu til þingsályktunar um afnotarétt nytjastofna á Íslandsmiðum (172. mál), Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (veiðar umfram aflamark) (229. mál), Frumvarp til laga um fiskveiðar (frystiskip) (230. mál) og Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (framsal veiðiheimilda) (249. mál).*

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.


Mál 172 gerir ráð fyrir grundvallarbreytingu á úthlutun aflaheimilda og þyrfti að skoða vandlega hvaða áhrif slík breyting gæti haft m.a. á byggðaðróun. Eðlilegt er að þetta verði ein af þeim leiðum sem nefnd sjávarútvegsráðherra um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða taki til athugunar.


Byggðastofnun getur ekki gert skyndimat á áhrifum breytingartillögu samkvæmt máli 229 á byggðaðróun.

Ljóst virðist að sú takmörkun á framsali aflaheimilda, sem lögð er til í máli 230 sé til þess fallin að tryggja stöðu landvinnslunnar gagnvart sjóvinnslu. Byggðastofnun hefur í mörgum tilvikum vikið að vanda útgerðar í smærri byggðarlögum, en getur ekki gert skyndimat á heildaráhrifum fyrirbyggjandi tillögu á þróun byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Byggðastofnun getur ekki gert skyndimat á áhrifum breytingartillögu samkvæmt máli 249 á byggðaðróun. Eðlilegt er að breytingartillagan fari til skoðunar hjá nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Virðingarfyllst


Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Þróunarsviðs


Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi